

Upplýsingastefna Ölmú íbúðfélags hf.

Markmið upplýsingastefnu

Upplýsingastefna þessi gildir um Ölmú íbúðafélag hf. („félagið“). Markmið stefnu þessarar er að formfesta samskipti félagsins við fjárfesta, lánveitendur, greiningaraðila, Nasdaq Iceland og aðra hagsmunaaðila. Þeim er ætlað að stuðla að því að hagsmunaaðilar fái tímanlegar, nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um rekstur félagsins á jafnréttisgrundvelli. Þannig geta þeir haft greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og tekið afstöðu til fjármálagerna útgefna af félaginu sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.

Upplýsingar skulu veittar í samræmi við m.a. lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, og reglur sem settar hafa verið eða innleiddar á grundvelli þeirra, sem og gildandi reglur Nasdaq Iceland á hverjum tíma.

Birting upplýsinga

Fréttatilkynningar sem birtar eru samkvæmt reglum um upplýsingaskyldu skulu birtar í gegnum fréttaveitu Nasdaq Iceland (GlobeNewsWire), eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Í kjölfarið skulu þær birtar á heimasíðu félagsins (www.al.is/company/investors).

Upplýsingar eða fréttir af starfsemi félagsins, sem ekki falla undir upplýsingaskyldu samkvæmt lögum, skulu birtar á heimasíðu félagsins og sendar fjölmiðlum ef tilefni er til.

Lögð skal áhersla á að allar upplýsingar sem félagið birtir séu réttar, viðeigandi og skýrar. Fulltrúar félagsins skulu ekki tjá sig um getgátur eða orðróm á markaði nema lög eða reglur um upplýsingaskyldu áskilji annað.

Regluvörður skal annast birtingu upplýsinga í fréttaveitu GlobeNewsWire og í fjarveru hans staðgengill regluvarðar.

Upplýsingaskylda

Upplýsingar sem teljast til innherjaupplýsinga skal birta eins fljótt og auðið er. Heimilt er að fresta birtingu innherjaupplýsinga að uppfylltum skilyrðum laga.

Leiki vafi á því hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga skal nefnd skipuð af stjórnarformanni, framkvæmdastjóra og regluverði. Skal nefndin leggja mat á hvort upplýsingar teljist til innherjaupplýsinga og eftir atvikum hvort skilyrði til frestunar á birtingu séu uppfyllt. Séu framangreindir aðilar ekki tiltækir skulu staðgenglar þeirra taka sæti í nefndinni í þeirra stað. Skal regluvörður halda fundargerð um ákvarðanir nefndarinnar.

Það er stefna félagsins að tjá sig ekki um málefni er varða rekstur, afkomu eða efnahag félagsins frá lokum uppgjörstímabils og fram að birtingu uppgjörs vegna næsta tímabils, nema félaginu sé það skylt samkvæmt lögum og reglum um upplýsingaskyldu eða kjósi að gera það umfram skyldu.

Talsmaður félagsins

Framkvæmdastjóri Ölmú íbúðafélags er talsmaður félagsins í umboði stjórnar. Hann kemur fram fyrir hönd félagsins við birtingu innherjaupplýsinga. Framkvæmdastjóri getur veitt öðrum tímabundna heimild til þess að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar. Í fjarveru framkvæmdastjóra er stjórnarformaður talsmaður félagsins.

Ábyrgð og endurskoðun

Stjórn félagsins skal bera ábyrgð á framkvæmd stefnu þessarar. Stefna þessi skal endurskoðuð árlega eða oftar ef tilefni er til.

*Þannig samþykkt af stjórn
Ölmú íbúðafélags hf.,
22. okt. 2024*

*Gunnar Þór Gíslason
Eggert Árni Gíslason
Erna Gísladóttir*